

Auðkenni ehf.  
Ársreikningur 2023

Auðkenni ehf.  
Katrínartúni 4  
105 Reykjavík

Kt. 521000-2790

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Tilgangur félagsins er uppbygging og rekstur innviða þar á meðal á sviði öruggrar auðkenningar, öruggra aðgerða eftir auðkenningu, rafrænna undirskrifta og annarra traustþjónusta ásamt skyldum rekstri.

## Rekstur ársins 2023

Rekstrartekjur félagsins námu 695,7 millj. kr. á árinu 2023 og hækkuðu um 87,5 millj. kr. milli ára eða um 14%. Hagnaður félagsins á árinu 2023 nam 50,5 millj. kr. (2022: 182,0 millj. kr.)

Eigið fé félagsins í árslok nam 653,9 millj. kr. (2022: 603,3 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 948,0 millj. kr. Óheimilt er að úthluta arði til hluthafa á árinu 2024, en vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 16,8 (2022: 10,6).

Hlutafé er að fullu í eigu Ríkissjóðs Íslands í árslok líkt og í ársbyrjun.

## Stjórnarhættir

Ríkissjóður Íslands fer með eignarhald ríkissins í Auðkenni ehf. Stjórn félagsins leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja ákvæðum laga, samþykktu og almennri eigendastefnu ríkisins frá september 2021, í þeim tilgangi að ná markmiðum ríkisins með eignarhaldinu. Stjórn félagsins er skipuð þrem stjórnarmönnum. Stjórn ræður framkvæmdarstjóra félagsins. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdasvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdarstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglum um fundarsköp, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ræður framkvæmdarstjóra félagsins og ákveður starfskjör framkvæmdarstjóra og fundar með endurskoðendum félagsins.

Stjórnin leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í nýtingu rafrænna ferla og eru ársreikningar sem og fundargerðir stjórnar rafrænar og rafrænt undirritaðar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Auðkennis ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 28. febrúar 2024

Stjórn:

Guðrún Birna Finnsdóttir

Einar Gunnar Thoroddsen

Sara Lind Þrúðardóttir

Framkvæmdastjóri:

Haraldur Agnar Bjarnason

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Auðkennis ehf.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Auðkennis ehf. („félagið“) fyrir árið 2023 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 28. febrúar 2024

**KPMG ehf.**

Sigríður Soffía Sigurðardóttir

## Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrartekjur</b>			
Seldar vörur og þjónusta .....		695.705.088	608.232.501
		<u>695.705.088</u>	<u>608.232.501</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	11	309.909.011	189.141.616
Annar rekstrarkostnaður .....		360.416.358	231.550.645
Afskriftir .....	12	19.986.314	19.695.883
		<u>690.311.683</u>	<u>440.388.144</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		5.393.405	167.844.357
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		2.852.096	1.304.390
Matsbreyting markaðsverðbréfa .....		39.694.238	13.284.610
Vaxtagjöld .....		( 421.413)	( 59.253)
Gengismunur .....		3.019.384	( 358.793)
		<u>45.144.305</u>	<u>14.170.954</u>
<b>Hagnaður ársins</b> .....	17	<u>50.537.710</u>	<u>182.015.311</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Eignir</b>			
Óefnislegar eignir .....	13	29.864.705	38.986.332
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	14	28.360.349	23.928.653
Fastafjármunir		58.225.054	62.914.985
Birgðir .....	7	3.774.603	9.220.731
Viðskiptakröfur .....	8	96.969.513	76.065.209
Aðrar skammtímakröfur .....		610.201	257.271
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		27.811.320	29.274.340
Verðbréfaeign .....		550.331.303	450.637.065
Handbært fé .....		80.588.660	49.688.650
Veltufjármunir		760.085.600	615.143.266
<b>Eignir samtals</b>		<b>818.310.654</b>	<b>678.058.251</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	16	947.999.999	947.999.999
Ójafnað eigið fé .....		( 294.146.591)	( 344.684.301)
Eigið fé	17	653.853.408	603.315.698
Viðskiptaskuldir .....		66.544.873	32.568.422
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		44.500.201	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		53.412.172	42.174.131
Skammtímaskuldir		164.457.246	74.742.553
Skuldir samtals		164.457.246	74.742.553
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>818.310.654</b>	<b>678.058.251</b>

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....	17	50.537.710	182.015.311
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	12	19.986.314	19.695.884
Matsbreyting markaðsverðbréfa .....		( 39.694.238)	( 13.284.610)
Veltufé frá rekstri		30.829.786	188.426.585
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, lækkun .....		5.446.128	1.476.992
Skammtímakröfur, hækkun .....		( 16.697.114)	( 27.074.890)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		89.714.693	7.429.577
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		78.463.707	( 18.168.321)
Handbært fé frá rekstri		109.293.493	170.258.264
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	13	0	( 19.897.267)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	14	( 15.296.383)	( 8.459.338)
Kröfur á tengda aðila, breyting .....		( 3.097.100)	27.516.766
Verðbréfaeign, breyting .....		( 60.000.000)	( 190.000.000)
Fjárfestingarhreyfingar		( 78.393.483)	( 190.839.839)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		30.900.010	( 20.581.575)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		49.688.650	70.270.225
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		80.588.660	49.688.650



# Skýringar

## 1. Félagið

Auðkenni ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Katrínartúni 4 í Reykjavík. Starfsemi félagsins felst í uppbyggingu og rekstri innviða þar á meðal á sviði öruggrar auðkenningar, öruggra aðgerða eftir auðkenningu, rafrænna undirskrifta og annarra traustþjónusta ásamt skyldum rekstri.

## Reikningsskilaaðferðir

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að markaðsverðbréf eru færð á gangvirði, þ.e. á skráðu markaðsverði í árslok. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 4. Innlausn tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

## 5. Óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir eru keyptur hugbúnaður sem færður er á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður ..... 5 ár

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld, tæki og húsbúnaður ..... 3 - 5 ár

## 7. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði, hvoru sem lægra reynist.

## 8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi. Niðurfærsla krafna nam í árslok 3 millj.kr. (2022: 3 millj. kr).

## 9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

## 10. Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf eru lausafjárjóstir hjá fjármálastofnun. Markaðsverðbréf eru færð á skráð gengi í árslok. Matsbreyting er færð í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

# Skýringar

## 11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun .....	238.900.762	139.579.818
Þóknun til stjórnar .....	8.064.000	11.334.400
Móttframlag í lífeyrissjóð .....	35.083.411	21.100.415
Önnur launatengd gjöld .....	22.217.745	13.403.956
Áfallið orlof, breyting .....	5.643.093	3.723.027
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>309.909.011</u>	<u>189.141.616</u>
Ársverk .....	16,8	10,6

## 12. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2023	2022
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýr 13 .....	9.121.627	6.634.239
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna sbr. skýr 14 .....	10.864.687	13.061.644
	<u>19.986.314</u>	<u>19.695.883</u>

## 13. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:	Hugbúnaður
Bókfært verð 1.1.2022.....	25.723.304
Viðbót á árinu .....	19.897.267
Afskriftir ársins .....	( 6.634.239)
Bókfært verð 31.12.2022.....	38.986.332
Afskriftir ársins .....	( 9.121.627)
Bókfært verð 31.12.2023.....	<u>29.864.705</u>
Afskriftahlutföll .....	20%

## 14. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:	Áhöld, tæki og húsbúnaður
Heildarverð 1.1.2022.....	93.391.099
Viðbót á árinu .....	8.459.338
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 31.456.608)
Heildarverð 31.12.2022.....	70.393.829
Viðbót á árinu .....	15.296.383
Heildarverð 31.12.2023.....	<u>85.690.212</u>
Afskrifað samtals 1.1.2022.....	64.860.140
Afskriftir færðar út við sölu .....	( 31.456.608)
Afskriftir ársins .....	13.061.644
Afskrifað samtals 31.12.2022.....	46.465.176
Afskriftir ársins .....	10.864.687
Afskrifað samtals 31.12.2023.....	<u>57.329.863</u>
Bókfært verð 31.12.2022.....	23.928.653
Bókfært verð 31.12.2023.....	<u>28.360.349</u>
Afskriftahlutföll .....	20%-33%

### Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Vátryggingaverðmæti rekstrarfjármuna í árslok 2023 nam 174,5 millj.kr. (2022: 138,5 millj. kr).

# Skýringar

## 15. Skatteign

Skatteign greinist þannig:	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	0	0
Skatteign í árslok .....	0	0
Skatteign skiptist þannig í árslok:		
Óefnislegar eignir .....	( 5.972.941)	( 7.797.266)
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	15.067.629	15.913.367
Viðskiptakröfur .....	600.000	600.000
Frestaður gengismunur .....	( 378.665)	90.540
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	86.637.988	94.729.099
Niðurfærsla skatteignar .....	( 95.954.011)	( 103.535.740)
Skatteign í árslok .....	0	0

## 16. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 948,0 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

## 17. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022.....	947.999.999	( 526.699.607)	421.300.392
Hagnaður ársins .....	0	182.015.311	182.015.311
Eigið fé 31.12.2022.....	947.999.999	( 344.684.296)	603.315.703
Hagnaður ársins .....	0	50.537.710	50.537.710
Eigið fé 31.12.2023.....	947.999.999	( 294.146.586)	653.853.413

## 18. Yfirfæranlegt skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2023 nam 433,2 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2023 er nýtanlegt sem hér segir:

	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Skattalegt tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024 .....	61.555.948	102.011.500
Skattalegt tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025 .....	201.457.636	201.457.636
Skattalegt tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026 .....	87.254.601	87.254.601
Skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027 .....	62.938.801	62.938.801
Skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028 .....	19.982.956	19.982.956
Ójafnað skattalegt tap samtals .....	433.189.942	473.645.494

## 19. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. Móðurfélag, hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila árið 2023:	<b>Keypt þjónusta og vörur</b>	<b>Seld þjónusta og vörur</b>	<b>Kröfur</b>	<b>Skuldir</b>
Ríkisstofnanir .....	16.320.049	130.262.053	11.727.295	2.067.448
	16.320.049	130.262.053	11.727.295	2.067.448

# Skýringar

## 20. Leigusamningar

Félagið leigir skrifstofuhúsnæði. Leigusamningar félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningar um skrifstofuhúsnæðið er til september og desember 2026. Í samningunum er ekki að finna uppsagnar- eða framlengingarheimildir. Leigusamningurinn um skrifstofuhúsnæðið er verðtryggður og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Rekstrarleigugjöld námu 22,5 millj. kr. á árinu 2023 (2022: 7,3 millj. kr.). Þau eru færð í rekstrarreikning meðal annars rekstrarkostnaðar. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðarleigugreiðslur félagsins næstu ár. Í töflunni er ekki tekið tillit til áhrifa framtíðarverðbólgu á greiðslur verðtryggðs húsaleigusamnings né mögulegra viðbótargreiðslna af bifreiðaleigu fari notkun umfram tiltekin mörk.

	2023	2022
Afborganir árið 2024/2023 .....	22.514.950	22.514.950
Afborganir árið 2025/2024 .....	22.514.950	22.514.950
Afborganir árið 2026/2025 .....	22.514.950	22.514.950
Rekstrarleigugreiðslur samtals .....	<u>67.544.850</u>	<u>67.544.850</u>

## 21. Önnur mál

Samkvæmt lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu í rafrænum viðskiptum skal vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð geyma upplýsingar tengdar starfseminni í hæfilegan langan tíma. Tímalengd varðveislu ræðst af tegund og notkun vottorðsins.